

Vegna Frumvarps til laga, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða. **418. mál**, lagafrumvarp.

Strandveiðikerfið var sett á til að tryggja jafna möguleika á handfæraveiðum allt í kringum landið og einnig að gefa færi á nýliðun í atvinnugreinina. Landinu var skipt í fjögur svæði og hverju svæði veitt aflaheimildir. Þetta var gert til að útgerð smábáta yrði blómleg í öllum höfnum allt í kringum landið.

Það sætir furðu með núverandi kerfi sem sett var á 2017 að nær helmingur aflaheimildana sem eru í potti strandveiða síðasta sumar 2020 sé veiddur á einu svæði (A) eða **249** bátar af **669** af heildarfjölda veiða **5.336.971** af **11.860.718** af heildarpotti strandveiða. Þrátt fyrir aukningu í heildarpott bera önnur svæði skertan hlut. Það þarf ekki neinn starðfræðing til að sjá þessar tölur og þær breytingar síðustu ára hvert aflaheimildir eru að færast og bátaflotinn mun stefna á komandi árum.

Talað er um að allir séu ánægðir með fyrirkomulagið, og vísað er í skoðunarkönnun sem Byggðastofnun gerði til vitnis um það.

Þegar sú skoðunarkönnun var gerð þá var loforð um **(eða falsvoforð sem aldrei hefur verið samþykkt)** að allir þeir bátar sem sækja um strandveiðileyfi fengju 48 daga og tímabilið kanski lengd úr 4 mánuðum í 6 mánuði. Einnig var sú skoðunarkönnunin gerð eftir prufuárið í strandveiðum 2017 þegar allir héldu að 48 dagarnir yrðu að veruleika án afnemingu svæðaskiptingar. En staðan var allt önnur og er það orðum aukið að allir séu sáttir við kerfið eins og það er eftir breytingar 2017.

Þar sem landinu er skipt upp í svæði í dag þá á að taka upp fyrra fyrirkomulag þar sem á að svæðaskipta aflaheimildum. Það er glórulaust að festa menn á einum stað og veiða samt úr sameiginlegum heildarpotti og það á 4 mánaða tímabili.

Fiskurinn veiðist á handfæri á misjöfnum tímum á milli landshluta og þar sem veiðar eru tregar framan af þá munu þeir sem eru á þeim svæðum bera skertan hlut og eiga stöðugt á hættu á að fá stöðvun á veiðar á besta tíma eins og sýndi sig í ár þegar heildarpottur klárast fyrir lok tímabilsins. Einnig getur tíðafar verið mjög misjafnt milli landsvæða.

Með þeirri aðgerð að taka svæðaskiptingu aflaheimilda af og hafa einn heildarpott yfir allt landið hafa strandveiðarnar þróast þannig að eitt svæði eins og sagt er hér að framan veitt nærri helming alls aflaheimilda sem í pottinum voru 2020.

Það þýðir að aflaheimildir eru að færast á milli landshluta og sú aukning sem í heildarpottinn síðustu 3 ár hefur komið, hefur ekki skilað sér á norður og austursvæði (B) og (D) þrátt fyrir þó nokkra aukningu í heildarpott strandveiða.

Með þessu fyrirkomulagi er mjög mikil hættu á að bátaflokkinn færir í meira mæli á eitt, tvö svæði og þá er nú sjarminn farin af því kerfi sem á að byggja blómlega útgerð í höfnum allt í kringum landið og en meiri líkur á að veiðarnar séu stoppaðar fyrir með mjög slæmum afleiðingum fyrir þau svæði sem fiskgengd er á seinni hluta tímabilsins. Einnig er þetta fyrirkomulag farið að líkjast gamla dagakerfinu sem svo sprakk eins og allir muna.

Ekki gengur að hafa fyrirkomulag strandveiða í einum heildarpotti þar sem veiðar eru misjafnar eftir svæðum yfir tímabilið og er það mismunur fyrir þau svæði sem fiskgengd er á seinni hluta tímabilsins.

Af þessari ástæðu er ég fylgjandi að taka aftur upp fyrra fyrirkomulag og svæðaskipta aflheimildum.

Bestu kveðjur.

Einar E Sigurðsson

Raufarhöfn.